



## Námsáætlun í nýgrísku – skólaárið 2026-2027

### **Stutt lýsing á áfanganum:**

Farið verður yfir grunnatriðin í nýgrísku í vikulegum kennslustundum. Við byrjum á að læra gríska stafrófið og förum svo yfir í málfræði og orðaforða og náum smám saman að læra að lesa, skrifa og tala á grísku. Inni á milli verða fyrirlestrar um menningu og sögu Grikklands og Kýpur. Í ferðavíkunni í mars er stefnt á að fara í menningarferð til Kýpur (eða Grikklands). Þeir sem ekki vilja fara í ferðina geta gert lokaverkefni í staðinn. Engin lokapróf verða í þessum áfanga en þó verða nokkur kaflapróf.

### **Kennslugögn:**

Nemendur þurfa ekki að kaupa neina kennslubók. Kennari glósar upp á töflu og gefur nemendum verkefni. Það tekur smá tíma að læra grísku bókstafina og að ná að lesa texta svo ég mæli með að æfa sig heima og nota jafnvel forrit eins og Duolingo til að æfa sig.

### **Kennsluhættir:**

Einn tvöfaldur tími á viku, auk ferðarinnar. Kennari glósar að mestu leyti upp á töflu.

### **Kennari:**

Sigurður Finnbogi Sæmundsson (sigurdur.f.saemundsson@mr.is)

#### Námsmat:

- Mæting og vinna í tímum: 40%
- Kaflapróf (2-3 á skólaárinu): 30%
- Ferðalag (eða lokaverkefni): 30%

ATH! Til að standast námsmat í áfanganum þurfa nemendur að vera með að lágmarki 85% mætingu í kennslustundir. Ef nemandi er með lægri mætingu en 85% um jólin er hann skráður úr áfanganum.

### **Athugið:**

- Ekki er flogið beint til Kýpur (né Grikklands) frá Íslandi og því þurfa nemendur að undirbúa sig fyrir langt ferðalag. Í mars 2026 fór hópur frá MR til Aþenu og kostaði ferðin í kringum 180.000 kr á mann svo gera má ráð fyrir að ferðin okkar kosti svipað mikið.
- Nemendum ber að fylgja skólareglum í tímum:
  - <https://mr.is/skolinn/skolareglur/almennar-skolareglur/>

**Haust: Áætlun um yfirferð (með fyrirvara um breytingar)**

Vika	Dagsetning	Námsefni	Annað
1	20. – 21. ágúst		
2	24. – 28. ágúst	Kynning á áfanganum	
3	31. ágúst – 4. september	Gríska stafrófið	
4	7. – 11. september	Áhersla og tvíhljóð	
5	14. – 18. september	Önnur hljóð	
6	21. – 25. september	Greinir	
7	28. september – 2. október	Tölustafir	
8	5. – 9. október	<b>Kaflapróf 1</b>	
9	12. – 16. október	Sagnir	
10	19. – 21. október	Kynning um Grikkland?	Hausthlé 22. og 23. október
11	26. – 30. október	Kyn	
12	2. – 6. nóvember	Eignarfornöfn	
13	9. – 13. nóvember	Grunnatriði í tali	
14	16. – 20. nóvember	<b>Kaflapróf 2</b>	
15	23. – 27. nóvember	Bíómynd á grísku?	

**Vor: Áætlun um yfirferð (með fyrirvara um breytingar)**

Vika	Dagsetning	Námsefni	Annað
1	6. – 8. janúar	Upprifjun	
2	11. – 15. janúar	Lýsingarorð	
3	18. – 22. janúar	Auka orðaforða	
4	25. – 29. janúar	Meiri orðaforði	
5	1. – 5. febrúar	Þátíð	
6	8. – 12. febrúar	Meiri þátíð	
7	15. – 19. febrúar	<b>Kaflapróf 3</b>	
8	25. – 26. febrúar	Kynning um Kýpur?	Vorhlé 22. og 23. febrúar, starfsdagur 24. febrúar
9	1. – 5. mars	Undirbúningur fyrir ferðina	
10	8. – 12. mars	Ferðavika	
11	15. – 19. mars	Farið verður yfir ferðina	
	Páskafrí		
12	31. mars – 2. apríl	Óákveðið	
13	5. – 9. apríl	Óákveðið	
14	12. – 16. apríl	Óákveðið	
15	19. – 23. apríl	Óákveðið	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl

**Birt með fyrirvara um breytingar**